



Reykjavíkurborg

**Skólahald í miðborginni**  
**skýrsla starfshóps fræðsluráðs**  
**maí 2004**

Birna Sigurjónsdóttir, deildarstjóri kennsludeildar á Fræðslumiðstöð  
Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður þróunarsviðs á Fræðslumiðstöð  
Guðmundur Sighvatsson, skólastjóri Austurbæjarskóla  
Rúnar Gunnarsson, arkitekt, Fasteignastofu  
Haraldur Sigurðsson, skipulagsfræðingur á Skipulags- og byggingasviði

# Skólahald í miðborginni

## **Almennt**

Í starfshópnum voru Birna Sigurjónsdóttir, deildarstjóri kennsludeildar á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, forstöðumaður þróunarsviðs á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, Guðmundur Sighvatsson, skólastjóri Austurbæjarskóla, Haraldur Sigurðsson, skipulagsfræðingur á Skipulags- og byggingasviði Reykjavíkurborgar og Rúnar Gunnarsson, arkitekt, Fasteignastofu Reykjavíkurborgar.

Hópurinn hélt alls 11 fundi á tímabilinu janúar – maí 2004. Einn fundur var haldinn með foreldraráði Austurbæjarskóla, einnig var skoðuð gömul veitustöð Orkuveitu Reykjavíkur sem stendur við Austurbæjarskóla.

## **Helstu verkefni skv. erindisbréfi:**

1. Að kortleggja þróun í nemendafjölda í miðborginni með hliðsjón af áætlunum um þéttingu byggðar.
2. Að setja fram og meta ýmsa kosti um fyrirkomulag sem leysir húsnæðisvanda skólanna til framtíðar. Hópurinn skoði m.a. stofnun miðborgarskóla, nýtingu Vörðuskóla fyrir Austurbæjarskóla, mörk á skólahverfum Háteigsskóla og Austurbæjarskóla, nýtingu á húsnæði Orkuveitu Reykjavíkur á lóð Austurbæjarskóla og fleiri leiðir sem kunna að koma fram.

## **Upplýsingar úr rýmisathugun 2002**

Í rýmisathugun Fasteignastofu Reykjavíkurborgar og Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur frá október 2002 er að finna úttekt yfir hvernig húsnæðismál grunnskóla hafa þróast frá 1996 og hvernig búast má við að nemendafjöldiskólanna verði næsta áratug og þegar hverfið er komið í jafnvægi. Í yfirliti yfir helstu niðursstöður hvers skóla segir: Húsnæði Austurbæjarskóla er þröngt í dag og of lítið til framtíðar, aðallega vegna þéttingar byggðar. Áætluð viðbótarrýmisþörf er um 300 m<sup>2</sup> og 4-5 lausar stofur tímabundið. Athuga þarf framtíðar húsnæðismál skólans sérstaklega (Rýmisathugun 2002, yfirlit).

Í umfjöllun um Austurbæjarskóla er lagt til að framtíðarhúsnæðismál skólans verði skoðuð sérstaklega með heildarlausn í huga miðað við að hverfið sé í jafnvægi. Athuga þarf betur hvort nemendur á grunnskólaaldri verði eins margir og nemendaspá gerir ráð fyrir. Kanna má hvort nýta megi gamla veitustöð Orkuveitu Reykjavíkur við hlið skólans t.d. fyrir félagsrými eða koma fyrir nýju húsnæði annars staðar á lóðinni. Til bráðabirgða þarf að leysa viðbótarrýmisþörfina með 4-5 lausum stofum, væntanlega á árunum 2003-2007. Einnig er lagt til að kannað verði hvort breyta megi mörkum skólahverfis og fækka þannig nemendum.

Þá er lagt til að athugaður verði möguleiki á að stofna miðborgarskóla í borginni. Miðborgarskóli væri grunnskóli, sem þjónað gæti nokkrum skólahverfum, t.d. Miðborgarhverfi og Vesturbæjarhverfi og fækkað þannig nemendum í skólum í þessum hverfum (Rýmisathugun 2002, s.14).

Í umfjöllun um Vesturbæjarskóla segir Húsnæði skólans er viðunandi í dag en þarfnast nánari skoðunar til framtíðar miðað við framtíðarnemendaspá. Gera má ráð fyrir um 200m<sup>2</sup> viðbótarrýmishörf og 2-3 lausum stofum til bráðabirgða. Ekki er gert ráð fyrir nemendum í skólann af fyrirhuguðu íbúðahverfi á nýrri landfyllingu (Rýmisathugun 2002, yfirlit).

## **Ný nemendaspá**

Í nýrri nemendaspá þróunarsviðs (fylgiskjal 2) sem miðað er við áætlaða þéttingu byggðar (fylgiskjal 1) kemur fram að nemendum muni fjölga verulega á næstu árum í skólahverfi Austurbæjarskóla, miðborgarhverfi.

Haustið 2005 er spáð að nemendur verði um 660 og haustið 2008 er gert ráð fyrir að nemendafjöldi í Austurbæjarskóla verði kominn í um 810 nemendur og um 830 haustið 2012. Gert er ráð fyrir að allt að 540 íbúðir verði byggðar í skólahverfinu á árunum 2004-2012. Í spánni er miðað við að hlutfall nemenda í nýjum íbúðum verði 0.15 nemendur á íbúð að meðaltali. Samkvæmt þessari nemendaspá verður nemendafjöldi Austurbæjarskóla til frambúðar um 830 nemendur miðað við óbreytt skólahverfi.

Gert er ráð fyrir að um 390 nýjar íbúðir verði byggðar í skólahverfi Vesturbæjarskóla á árunum 2004-2012, m.a. á svæðinu Mýrargata/Slippar. Gert er ráð að hlutfall nemenda í nýjum íbúðum verði 0.12 nemendur á íbúð að meðaltali. Út frá þessum forsendum er spáð að nemendafjöldi Vesturbæjarskóla verði um 390 haustið 2012.

(Fylgiskjal 1, Áætlun um þéttingu íbúðarbyggðar í Reykjavík - Vestan Elliðaána - 2003 til 2012 - fullgerðar íbúðir. Fylgiskjal 2, Nemendaspá í Austurbæjar-, Vesturbæjar- og Miðborgarskóla. Fylgiskjal 6, Stærð skólahverfa í miðborg – fjöldi íbúa/íbúða.)

## **Staða og framtíðarsýn**

Verkefni starfshópsins var að kortleggja þróun í nemendafjölda í miðborginni með hliðsjón af áætlunum um þéttingu byggðar. Einnig að setja fram og meta ýmsa kosti um fyrirkomulag sem leysir húsnæðisvanda grunnskóla í miðborginni til framtíðar.

Í miðborgarhverfi er einn almennur grunnskóli, Austurbæjarskóli með 624 nemendum í 1.-10. bekk skólaárið 2003-2004 og einn einkaskóli, Tjarnarskóli með 24 nemendum í 8.-10. bekk skólaárið 2003-2004. Skoðuð voru mörk skólahverfa milli Austurbæjarskóla og Háteigsskóla og skólahverfi Sóltúnsskóla sem er á mörkum skólahverfis Austurbæjarskóla og Laugarnesskóla.

Skoðuð var sérstaklega staða í skólahverfi Vesturbæjarskóla m.a. miðað við fyrirhugaða þéttingu á Mýrargötu og Slippasvæði en í Vesturbæjarskóla eru 316 nemendur í 1.-7. bekk skólaárið 2003-2004. Í því skólahverfi er einnig einkaskóli, Landakotsskóli með 186 nemendum í 5 ára -10. bekk (þar af 16 í 5 ára deild) skólaárið 2003-2004.<sup>1</sup>

Samkvæmt nemendaspá verður töluverð fjölgun nemenda í miðborginni og í skólahverfi Vesturbæjarskóla miðað við áætlaða þéttingu byggðar í þessum hverfum. Allt að 540 íbúðir verða byggðar í skólahverfi Austurbæjarskóla á árunum 2004-2012 og er því spáð að nemendafjöldi verði um 830 haustið 2012. Einnig er gert ráð fyrir að

<sup>1</sup> Tölur um nemendafjölda eru miðaðar við 1. október 2003.

fjölgun í Vesturbæjarskóla. Þar er áætlað að byggja um 390 íbúðir á árunum 2004-2012 og er því spáð að nemendafjöldi verði um 390 haustið 2012. (Fylgiskjal 1, 2, 6)

## Tillögur hópsins

Ljóst er að þessi fjölgun nemenda kallar á viðbótarskólahúsnaði í miðborginni. Starfshópurinn bendir á tvo kosti sem velja þarf á milli:

- A.** Áfram verði einn grunnskóli í miðborginni sem þjónar öllu hverfinu með 820 nemendum í 1. – 10. bekk.
- i. Húsnaði Vörðuskóla bætist við skólahúsnaði Austurbæjarskóla og taki t.d. við 7.-9. bekk. Skólahús Austurbæjarskóla verði fyrir nemendum í 1.-6. bekk. Húsnaðismál Austurbæjarskóla verði leyst til bráðabirgða þar til Vörðuskóli fæst til afnota.
  - ii. Jafnframt verði nemendum fjölgað í Landakotsskóli til að taka við þéttingu í skólahverfi Vesturbæjarskóla. Annar kostur er að reisa unglingaskóla í vesturbæ fyrir 7.-10. bekk sem tæki einn árgang frá Vesturbæjarskóla og mundi einnig létta á Hagaskóla.
- B.** Nýtt skólahverfi verði búið til í miðborginni sem þjónar íbúum í Þingholti, kvosinni og að Suðurgötu/Garðastræti með þeirri þéttingu sem áætluð er á svæðinu.
- i. Nýr grunnskóli verði stofnaður í miðborginni. Skólinn verði heildstæður grunnskóli með um 360 nemendum í 1.-10. bekk árið 2012 (sjá kort, fylgiskjal 3).
  - ii. Skólahverfi Austurbæjarskóla verði breytt (sjá kort, fylgiskjal 4). Þar verði um 540 nemendum í 1.-10. bekk árið 2012.
  - iii. Skólahverfi Vesturbæjarskóla verði breytt (sjá kort, fylgiskjal 5). Þar verði um 280 nemendum í 1.-7. bekk árið 2012.

## Kostur A

### Nýting húsnæðis Vörðuskóla fyrir Austurbæjarskóla.

Til framtíðar telur hópurinn besta kostinn í stöðunni að skólahúsnaði Vörðuskóla verði nýtt fyrir grunnskólanemendum. Húsnaði Vörðuskóla er um 2700 m<sup>2</sup>. Það gæti hentað vel t.d. til kennslu í unglingadeildum fyrir fjóra árganga. Samnýting á sérgreinastofum beggja skólahúsanna er til hagræðis. Hér yrði um að ræða lausn á húsnæðisþörf Austurbæjarskóla til frambúðar þar sem báðir skólarnir saman gætu tekið við þeim um 830 nemendum sem gert er ráð fyrir í skólahverfinu. Foreldraráð Austurbæjarskóla lagði fram svipaða tillögu fyrir um tveimur árum.

Vörðuskólinn er sameign borgarinnar og ríkis (um 68% eign borgar). Iðnskólinn fullnýtir hann nú til kennslu því þarf að byggja við Iðnskólann áður en borgin fær húsnæðið til afnota. Vörðuskóli er því ekki lausn á bráðum húsnæðisvanda Austurbæjarskóla.

### Skólahverfi Vesturbæjarskóla

Til að mæta nemendafjölgun í skólahverfi Vesturbæjarskóla, en nemendaspá gerir ráð fyrir að þar verði um **390 nemendum árið 2012**, mætti fara þá leið að semja við Landakotsskóla um fjölgun nemenda í skólanum. Samkvæmt athugun Fasteignastofu getur skólahúsnaði Landakotsskóla rúmað um 50 nemendum fleiri en þar eru nú eða

**allt að 240 nemendur.** Verið er að reisa íþróttahús við skólann, viðbyggingarmöguleikar við eru litlir.

Einnig kemur til greina að reisa nýjan unglingskóla á Mýrargötu/Slippasvæði fyrir 7.-10. bekk sem tæki einn árgang frá Vesturbæjarskóla eða um 60 nemendur. Nýr unglingskóli í Vesturbænum mundi einnig létta á Hagaskóla en þétting byggðar hefur einnig áhrif til nemendafjölgunar í Hagaskóla sem nú er eini unglingskólinn í borgarhverfinu.

## **Kostur B**

### **Nýtt skólahverfi í miðborginni - stofnun Miðborgarskóla**

Nýtt skólahverfi verði í miðborginni með skóla sem gæti tekið nemendur úr bæði Austurbæjar- og Vesturbæjarskólahverfi og ásamt þeim skólum mætt nemendafjölgun sem leiðir af þéttingu byggðar sem áætluð er í miðborginni. Gert ráð fyrir að um 280 nemendur séu í skólahverfi Miðborgarskólans haustið 2004. Samkvæmt nemendasþá (fylgiskjal 2) er því spáð að **nemendur verði um 360 haustið 2012**. Þá er miðað við að hlutfall nemenda verði 0,16 á íbúð. Eftir 2012 muni nemendum fara fækkandi og verða tæplega 200 árið 2028. Skólinn gæti einnig nýst foreldrum sem vinna í miðborginni, en óljóst er og erfitt að áætla að hve miklu leyti foreldrar hafa hug á að nýta sér slíkt tilboð en hugsanlega yrðu það um 40 nemendur til viðbótar.

Staðsetning nýs skóla þyrfti að vera miðsvæðis í nýju hverfi til að skólinn geti þjónað íbúum bæði vestan og austan kvosar. Skoða þyrfti möguleika á að reisa nýjan skóla í nýju skipulagi miðborgarinnar eða í nágrenni Tjarnarinnar.

Einnig kemur til greina að finna eldra húsnæði sem aðlaga mætti skólastarfi. Athuga þarf það húsnæði sem til greina gæti komið. Í miðborginni eru eldri skólabyggingar s.s. Tjarnarskóli, þar sem nú er einkarekinn grunnskóli fyrir 8.-10. bekk Kvennaskólinn, þar sem nú er framhaldsskóli og Miðbæjarskólinn, húsnæði Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur.

Verði sú leið farin að stofna nýjan skóla þarf að skipuleggja starf hans og húsnæði með tilliti til sérstöðu hans sem skóla í miðborg. Aðkoma þarf að vera góð fyrir akandi umferð þar sem líklegt er að hluti nemenda komi ekki gangandi í skólann. Nýta þyrfti vel þá kosti sem umhverfið býður upp á og aðlaga skólastarfið að staðsetningu í þéttri byggð.

### **Breytt skólahverfi Austurbæjarskóla**

Í breyttu skólahverfi Austurbæjarskóla er gert ráð fyrir um 420 nemendum í stað 590 núna. Miðað við þéttingu byggðar um 173 íbúðir og 0,15 nemendur á íbúð er spáð að um **550 nemendur sæki skólann haustið 2012**. Haustið 2003 voru 624 nemendur skráðir í skólann þar sem fleiri skila sér en búa í hverfinu. Húsnæði Austurbæjarskóla rúmar með góðu móti 480 – 500 nemendur.

### **Breytt skólahverfi Vesturbæjarskóla**

Í breyttu skólahverfi Vesturbæjarskóla er gert ráð fyrir um 340 nemendum í stað 400 núna. Miðað við þéttingu byggðar um 340 íbúðir og 0,12 nemendur á íbúð er spáð að um **280 nemendur sæki skólann haustið 2012**. Haustið 2003 voru 316 nemendur skráðir í skólann þar sem færri skila sér en búa í hverfinu. Húsnæði Vesturbæjarskóla rúmar með góðu móti um 300 nemendur.

## **Ýmsir kostir um fyrirkomulag**

### **Mörk á skólahverfum Háteigsskóla og Austurbæjarskóla**

Mörk skólahverfanna liggja um Snorrabraut. Um 50 nemendur úr Norðurmýri sækja Austurbæjarskóla enda mun styttra þangað en í Háteigsskóla. Rauðarástigur e.t.v. "réttari" mörk skólahverfis. Það að færa skólahverfismörkin þangað þýðir fjölgun í Austurbæjarskóla. Miðað við þær forsendur óbreyttar að foreldrar hafi val um skóla, sérstaklega þeir sem búa á mörkum skólahverfa eru breytt mörk skólahverfa tæplega framtíðarlausn á fjölgun nemenda í Austurbæjarskóla.

### **Nýting á húsnæði Orkuveitu Reykjavíkur á lóð Austurbæjarskóla**

Starfshópurinn skoðaði húsnæði Orkuveitu Reykjavíkur á hlið Austurbæjarskóla og skoðaðar voru teikningar sem Vilhjálmur Hjálmarsson hefur gert með tillögum um nýtingu húsnæðisins. Með því að setja glugga á framhlið gæti það nýst að hluta fyrir skólastofur (4 stofur). Fyrir innan gæti verið salur og eldhús. Alls gætu verið um 320m<sup>2</sup> á tveimur hæðum. Hér er þó ekki um að ræða framtíðarlausn á húsnæðisþörf Austurbæjarskóla miðað við óbreytt hverfamörk.

### **Nýting á húsnæði Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur fyrir Austurbæjarskóla**

Heilsuverndarstöðin 4. hæð virðist raunhæfur valkostur sem tímabundin lausn á húsnæðisþörf Austurbæjarskóla. Skoða þarf betur nýtingu þess húsnæðis og hvaða breytinga er þörf, ef húsnæðið verður tekið til notkunar.

### **Nýr skóli í Sóltúnshverfi**

Nýr skóli í Sóltúnshverfi gerir lítið til að leysa fjölgun í Austurbæjarskóla. Þeir fáu nemendur sem þar eru nú fara í Laugarnesskóla og/eða dreifast á aðra skóla í borginni.

### **Fylgiskjöl:**

1. Áætlun um þéttingu íbúðarbyggðar í Reykjavík - Vestan Elliðaána - 2003 til 2012 - fullgerðar íbúðir.
2. Nemendaspá í Austurbæjar-, Vesturbæjar- og Miðborgarskóla.
3. Tillaga að mörkum hugsanlegs miðborgarskólahverfis.
4. Tillaga að breyttum mörkum Austurbæjarskólahverfisins.
5. Tillaga að breyttum mörkum Vesturbæjarskólahverfisins.
6. Stærð skólahverfa í miðborg – fjöldi íbúa/íbúða.

### **Heimildir:**

*Grunnskólar Reykjavíkur, Rýmisathugun 2002.* Reykjavík. Fasteignastofa Reykjavíkurborgar og Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

*Starfsáætlun Fræðslumála í Reykjavík 2004.* Reykjavík. Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

<b>VINNUSKJAL (apríl 2004) - Aætlun um þéttingu íbúðarbyggðar í Reykjavík - Vestan Elliðaóa - 2003 til 2012 - fullgerðar íbúðir</b>															
Gerð íbúðar- húsnæðis:	AR2001-2024 Stadlest þétting	Fyrirgigandi áform/breytingar:	2001 <sup>2)</sup>	2002 <sup>2)</sup>	2003 <sup>2)</sup>	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	Alls:
<b>Svæði vestan Elliðaóa</b>															
<b>Grandaskóli:</b>															
Lóð Lýsis*	120		0	0	0	0	0	110	110	50	0	0	0	0	270
Keilugrandi		150						50	50						
<b>Vesturbæjarskóli:</b>															
Lóð Landheigisgæslu v/Seljaveg*	50		0	0	0	39	5	5	5	55	150	50	50	0	359
Bykó-reitur*	50														
Sóvallagöturéitur*	40				39										
Mýratgata-Slippur*	200									50	50	50	50		
Norðurstígsreitir		20					5	5	5						
Kvos - TRH-skipulag		120?													
<b>Mela- og Hagaskóli:</b>															
Meihagi 20-22		6	0	0	3	3	3	11	6	3	52	100	100	25	306
Skerfjaförður (lausar lóðir)	20				3	3	3	3	3	3	2				
Litli-Skerfjaförður		5						2	3						
Vatnsmýri I - Skerfjaförður (NA-SV br.)*	275														
Vatnsmýri III - Litli-Skerfjaförður (einkaflug)*	300														
<b>Austurbæjarskóli:</b>															
Eimskipsreitir - Skuggahverfi*	250		0	0	19	30	79	137	122	88	63	39	5	5	587
Miðborgarsvæðið*	500	-120	0	0	19	5	29	87	72	38	38	39	5	5	
Lindargata		100						50	50						
Barónsreitir		100								33	33	34			
Bergstaðastræti 16-18		ca. 14						7	7						
Hverfisgata 106		16					8	8							
Vatnssfígur 3		6					6								
Sjónmúðsreitir		10							10						
Grettisgata 30															
Njálsgata 19-21		20					10	10							
Njálsgata 53		7						7							
Njálsgata 55-57		14			14										
Bergþónugata 10-12															
Annað í miðborg:			5	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5	
<b>Háteigsskóli:</b>															
Austurbær - reitur		82	0	22	0	17	18	22	72	90	92	100	120	75	628
Hampþjurreitur*	150									40	42				
Einholtstreitur*	50	245							50	50	50	50	45	50	
Asholtstreitur*	50												25	25	
Brautarholt 2 (Japishús)		23				11	12								
Skipholt 15		12				6	6								
Sjómannaskóli - suður*	25			22											
Sjómannaskóli - norður		44						22	22						
<b>Hlíðaskóli:</b>															
Valssvæði-Hlíðarendi		120	0	0	4	30	17	5	0	0	0	0	60	60	176
Suðurhlíðar*	46		4	30	12										
Stakkahlíð		10			5										



## Nemendaspá í Austurbæjar-, Vesturbæjar- og Miðborgarskóla

Nemendaspár fyrir Austurbæjar- og Vesturbæjarskóla byggja á áætluðum nemendafjölda á skólaaldri í hverfunum, hlutfalli nemenda sem skilar sér í skólana (105% í Austurbæjarskóla og 78,5% í Vesturbæjarskóla að meðaltali) og áætlaðri þéttingu byggðar (tafla 1).

Nemendaspár fyrir Miðborgarskóla byggja á kúrfunni fyrir nýja skóla, áætluðum nemendafjölda á skólaaldri og þéttingu byggðar.

Alls munu 926 íbúðir verða byggðar í miðborginni fyrir árið 2012. Eftir 2012 er gert fád fyrir að 270 íbúðir muni verða byggðar til viðbótar. Þessi þéttinga er annars vegar reiknuð inn í samkvæmt áætlun A, þ.e að 173 íbúðir verði byggðar inn í Austurbæjarskólahverfi og 504 inn í Miðborgarskólahverfi og hins vegar samkvæmt áætlun B, eða að 523 íbúðir verði byggðar inn í Austurbæjarskólahverfi og 154 inn í Miðborgarskólahverfi. Í áætlun A og B er gert ráð fyrir að 339 íbúðir verði byggðar í Vesturbæjarskólahverfi (tafla 1).

Tafla 1. Stærð skólahverfa í miðborg - fjöldi íbúa/íbúða - vegna tillögu að nýju miðborgarskólahverfi

	Staðan 2004:							Áætluð fjölgun íbúða:		
	Íbúðir	Íbúar	0-5 ára	6-12 ára	13-15 ára	Fjöldi á skólaaldri	Íbúar/íbúð	Fyrir 2012	Eftir 2012	Fullbyggt
<b>Vesturbæjarskóli:</b>										
Núverandi	2.336	5.179	401	383	171	554	2,22	389	90	2.815
Breytt A og B	1.664	3.858	316	304	136	440	2,32	339	0	2.003
<b>Miðborgarskóli</b>										
A:	1.868	3.554	242	193	91	284	1,90	414	90	2.372
B:	1.621	3.169	218	179	88	267	1,95	64	90	1.775
<b>Austurbæjarskóli</b>										
Núverandi	4.335	7.821	527	390	201	591	1,80	537	0	4.872
Breytt A:	3.138	5.596	370	276	145	421	1,78	173	0	3.311
Breytt B:	3.385	5.981	394	289	148	437	1,77	523	0	3.908

### Nemendaspá byggð á áætlun A:


Samkvæmt áætlun A munu 173 íbúðir verða byggðar í hverfi Austurbæjarskóla, 339 í hverfi Vesturbæjarskóla og 504 í hverfi Miðborgarskóla (sjá töflu 2).

Tafla 2. Fjöldi nýrra íbúða í skólahverfi Austurbæjarskóla, Vesturbæjarskóla og Miðborgarskóla

Skóli	2004-2005	2005-2006	2006-2007	2007-2008	2008-2009	2009-2012	2010-2011	Eftir 2012	Samtals íbúðir
Austurbæjarskóli	29	24	24	24	24	24	24		173
Vesturbæjarskóli	51	48	48	48	48	48	48		339
Miðborgarskóli	60	559	59	59	59	59	59	90	504

Í áætlun A er gert ráð fyrir að nemendur á skólaaldri í hverfi Austurbæjarskóla verði um 420 talsins í stað um 590 eins og þeir eru núna. Nemendur í skólanum eru 624 þar sem fleiri skila sér í skólann en búa í hverfinu.


Gert er ráð fyrir að 173 íbúðir verði byggðar á árunum 2004-2012 (tafla 2) og að hlutfall nemenda í nýjum íbúðum yrði 0,15 per íbúð sem er meðalhlutfall nemenda í öðrum íbúðum í hverfinu. Út frá þessum forsendum er því spáð að 526 nemendur muni sækja skólann haustið 2004 og 547 haustið 2012 (mynd 1). Haustið 2003 voru 624 nemendur skráðir í skólann.



Mynd 1. Nemendafjöldi í Austurbæjarskóla 1930-2003 og spá til ársins 2012 samkvæmt áætlun A.

Í áætlun A er gert ráð fyrir að nemendur á skólaaldri í hverfi Vesturbæjarskóla verði um 339 talsins í stað um 403 eins og þeir eru núna þannig að nemendum við skólann mun fækka verulega .


Gert er ráð fyrir að 339 íbúðir verði byggðar á árunum 2004-2012 (tafla 2) en nemendum á skólaldri mun ekki er fjölga í hverfinu. Gert er ráð fyrir að hlutfall nemenda í nýjum íbúðum verði 0,12 per íbúð sem er meðalhlutfall nemenda í öðrum íbúðum í hverfinu. Út frá þessum forsendum er því spáð að 242 nemendur muni sækja skólann haustið 2004 og 277 haustið 2012 (mynd 2). Haustið 2003 voru 316 nemendur skráðir í skólann.



Mynd 2. Nemendafjöldi í Vesturbæjarskóla 1958-2003 og spá til ársins 2012 samkvæmt áætlun A.

Í áætlun A er gert ráð fyrir að nemendur á skólaaldri í hverfi Miðborgarskóla verði um 284 talsins haustið 2004.

Gert er ráð fyrir að 414 íbúðir verði byggðar í skólahverfi Miðborgarskóla á árunum 2004-2012 og 90 eftir 2012 (tafla 2). Gert er ráð fyrir að hlutfall nemenda í nýjum íbúðum verði 0,16 per íbúð. Út frá þessum forsendum er því spáð að 281 nemandi muni sækja skólann haustið 2004 og 365 haustið 2012 en þá mun nemendafjöldi jafnframt ná hámarki (mynd 3). Eftir 2012 mun nemendum fara fækkandi og 2028 verða nemendur tæplega 200.



Mynd 3. Nemendafjöldi í Miðborgarskóla, spá frá 2004 til 2012 samkvæmt áætlun A.

### Nemendaspá byggð á áætlun B:


Samkvæmt áætlun B munu 523 íbúðir verða byggðar í hverfi Austurbæjarskóla, 339 í hverfi Vesturbæjarskóla og 154 í hverfi Miðborgarskóla (sjá töflu 3).

Tafla 3. Fjöldi nýrra íbúða í skólahverfi Austurbæjarskóla, Vesturbæjarskóla og Miðborgarskóla

Skóli	2004-2005	2005-2006	2006-2007	2007-2008	2008-2009	2009-2012	2010-2011	Eftir 2012	Samtals íbúðir
Austurbæjarskóli	79	74	74	74	74	74	74		523
Vesturbæjarskóli	51	48	48	48	48	48	48		339
Miðborgarskóli	10	9	9	9	9	9	9	90	154

Í áætlun B er gert ráð fyrir að nemendur á skólaaldri í hverfi Austurbæjarskóla verði tæplega 440 talsins í stað um 590 eins og þeir eru núna.

Gert er ráð fyrir að 523 íbúðir verði byggðar á árunum 2004-2012 (tafla 3) og að hlutfall nemenda í nýjum íbúðum verði 0,15 per íbúð sem er meðalhlutfall nemenda í öðrum íbúðum í hverfinu. Út frá þessum forsendum er því spáð að 553 nemendur muni sækja skólann haustið 2004 og 619 haustið 2012 (mynd 4). Haustið 2003 voru 624 nemendur skráðir í skólann..




Mynd 4. Nemendafjöldi í Austurbæjarskóla 1930-2003 og spá til ársins 2012 samkvæmt áætlun B.

Áætlun B er eins og áætlun A fyrir Vesturbæjarskóla (sjá mynd 2)

Í áætlun A er gert ráð fyrir að nemendur á skólaaldri í hverfi Miðborgarskóla verði um 267 talsins haustið 2004.

Gert ráð fyrir að 64 íbúðir verði byggðar á árunum 2004-2012 og 90 eftir 2012 (tafla 3). Gert var ráð fyrir að hlutfall nemenda í nýjum íbúðum yrði 0,16 per íbúð sem er meðalhlutfall nemenda í öðrum íbúðum í hverfinu. Út frá þessum forsendum er því spáð að 269 nemendur muni sækja skólann haustið 2004 og 292 haustið 2012 en þá mun nemendafjöldi jafnframt ná hámarki (mynd 5). Eftir 2012 mun nemendum fara fækkandi og 2028 verða nemendur tæplega 160.




Mynd 6. Nemendafjöldi í Miðborgarskóla, spá frá 2004 til 2012 samkvæmt áætlun B.

### Nemendaspá miðuð við núverandi skólahverfi:

Nemendur á skólaaldri í hverfi Austurbæjarskóla eru um 590 núna en þar sem nemendur utan skólahverfis sækja skólann í miklu mæli eru þeir vel yfir 600 í skólanum.


Gert er ráð fyrir að 523 íbúðir verði byggðar á árunum 2004-2012 (tafla 2) og að hlutfall nemenda í nýjum íbúðum verði 0,15 per íbúð sem er meðalhlutfall nemenda í öðrum íbúðum í hverfinu. Út frá þessum forsendum er því spáð að 659 nemendur muni sækja skólann haustið 2005 og 833 haustið 2012 (mynd 4). Haustið 2003 voru 624 nemendur skráðir í skólann..



Mynd 4. Nemendafjöldi í Austurbæjarskóla 1930-2003 og spá til ársins 2012 samkvæmt núverandi skipulagi.

Nemendur á skólaaldri í hverfi Vesturbæjarskóla eru um 403 núna en þar sem hlutfall nemenda sem skilar sér í skólann er aðeins um 78,5% eru nemendur í skólanum 316.

Gert er ráð fyrir að 389 íbúðir verði byggðar á árunum 2004-2012 og 90 eftir 2012 (tafla 2). Gert er ráð fyrir að hlutfall nemenda í nýjum íbúðum verði 0,12 per íbúð sem er meðalhlutfall nemenda í öðrum íbúðum í hverfinu. Út frá þessum forsendum er því spáð að 318 nemendur muni sækja skólann haustið 2004 og 390 haustið 2012 (mynd 5). Haustið 2003 voru 316 nemendur skráðir í skólann.



Mynd 5. Nemendafjöldi í Vesturbæjarskóla 1958-2003 og spá til ársins 2012 samkvæmt núverandi skipulagi.

**Fylgiskjal 3**  
**Tillaga að mörkum hugsanlegs miðborgarskólahverfis – A :**






## Fylgiskjal 5

Tillaga að breyttum mörkum Vesturbæjarskólahverfisins:



Fylgiskjal 4

**Tillaga að breyttum mörkum Austurbæjarskólahverfisins -A:**



## Fylgiskjal 6

### Tafla 1:

Stærð skólahverfa í miðborg - fjöldi íbúa/íbúða - vegna tillögu að nýju miðborgarskólahverfi										
	Staðan 2004:		Fjöldi á				Áætluð fjölgun íbúða:		"Fullbyggt"	
	Íbúðir	Íbúar	0-5 ára	6-12 ára	13-15 ára	skólaaldri	Íbúar/Íbúð	fyrir 2012		eftir 2012
<b>Vesturbæjarskóli:</b>										
Núverandi	2.336	5.179	401	383	171	554	2,22	389	90	2.815
Breytt	1.664	3.858	316	304	136	440	2,32	339	0	2.003
<b>Miðborgarskóli</b>										
A:	1.868	3.554	242	193	91	284	1,90	414	90	2.372
B:	1.621	3.169	218	179	88	267	1,95	64	90	1.775
<b>Austurbæjarskóli</b>										
Núverandi	4.335	7.821	527	390	201	591	1,80	537	0	4.872
Breytt A:	3.138	5.596	370	276	145	421	1,78	173	0	3.311
Breytt B:	3.385	5.981	394	289	148	437	1,77	523	0	3.908